

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Leikskólinn Leikholt safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt sér réttindi sín samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Jafnframt til að afla samþykkis fyrir þeim þáttum sem ekki er kveðið á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Farið er með persónuupplýsingar eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Leikskólinn Leikholt geymir framangreindar persónuupplýsingarnar í læstri hirslu. Leikskólinn Leikholt deilir framangreindum persónuupplýsingum ekki með þriðja aðila.

Leikskólinn Leikholt er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er honum óheimilt að farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem leikskólinn Leikholt safnar afhentar Héraðsskjalasafni Árnesinga fimm árum eftir að barn hættir leikskóladvöl miðað við grunnskólaaldurinn.

Öryggisupplýsingar

Leikskólinn Leikholt safnar eftirfarandi persónuupplýsingum svo mögulegt sé að gæta að öryggi barna komi fyrir slys eða bráðaveikindi hjá þeim. Leikskólinn fer eftir Öryggishandbók leikskóla sem unnin var af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga með stoð í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Farið er með persónuupplýsingar eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Til að geta tryggt öryggi barna komi upp slys eða bráðaveikindi eru persónuupplýsingarnar ekki geymdar í læstri hirslu þar sem þörf er á að brugðist sé hratt við í þeim aðstæðum. Leikskólinn Leikholt geymir persónuupplýsingarnar í möppu sem geymd er í hillu inni á leikskólanum. Leikskólinn Leikholt deilir framangreindum persónuupplýsingum aðeins með þeim aðilum sem nauðsynlegt er eins og heilbrigðisstarfsmönnum sem þurfa á upplýsingunum að halda til að geta veitt börnum viðeigandi aðhlyningu. Heilbrigðisstarfsmenn eru bundnir trúnaðar og þagnarskyldu samkvæmt 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að láta leiðrétta persónuupplýsingar, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig leikskólinn Leikholt meðhöndlar þeirra persónuupplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sá aðili er Héraðsskjalasafnið og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið thorsteinn@heradskjalasafn.is.

Dragi einstaklingar í efa að leikskólinn Leikholt meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð leikskólans Leikhólts á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á svæði Leikskólans Leikhólts inni á www.skeidgnup.is/efni/leikskolinn-leikholt.

Upplýst samþykki foreldra fyrir myndbirtingu og öðrum upplýsingum á lokaðri Facebook síðu Leikholtss

Nafn barns	Kennitala barns
------------	-----------------

Vegna tilkomu nýrra persónuverndarlaga, sbr. lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög) er hér að finna uppfært samþykkisblað vegna birtinga ljósmynda, myndbanda og upplýsinga um starf Leikholtss á leynilegri Facebook síðu leikskólans. Ljósmyndir og myndbönd af einstaklingum teljast til persónuupplýsinga séu þær persónugreinanlegar. Til þess að heimilt sé að vinna með persónugreinanlegar ljósmyndir og myndbönd af þínu barni þá þarf foreldri eða forsjáraðili að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga sbr. einnig 1. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.

Áður en þið skrifið undir samþykki þá ber leikskólanum, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, að veita ykkur fullnægjandi fræðslu um vinnsluna, tilgang hennar, viðtakendur o.fl. til þess að þetta samþykki sé í samræmi við persónuverndarlög.

Við í leikskólanum Leikholti notum leynilegan Facebook hóp til að upplýsa foreldra og skólaneftarmenn um starf leikskólans í máli, myndum og myndböndum. Aðal tilgangur myndanna og myndbanda er að upplýsa og skrásetja starfið. Eingöngu foreldrar barna sem eru með vistun í Leikholti og starfsmenn Leikholtss eru meðlimir í hópnum, skólaneftarmenn mega vera í hópnum einungis til þess að sjá og lesa upplýsingar um starf Leikholtss. Skólaneftarmenn hafa allir skrifað undir þagnarskyldu og hafa ekki leyfi að birta neitt úr hópnum. Allir kennarar taka ljósmyndir og myndbönd á sín eigin tæki og eyða þeim svo út þegar þeir hafa birt þær á Facebook síðu Leikholtss hópsins. Foreldrar hafa ekki leyfi að birta beint úr hópnum (deila) þar sem þá sést tilvist hópsins. Kjósi þeir að birta myndefni af sínu barni á sinni Facebook síðu þurfa þeir að vista myndefnið hjá sér og síðan birta á sinni síðu. En einungis af sínu barni, ekki öðrum börnum né kennurum.

Í skilmálum Facebook, sem notendur miðilsins samþykkja, kemur fram að Facebook safnar þeim upplýsingum sem miðlað er í gegnum síðuna. Facebook áskilur sér þann rétt að deila persónuupplýsingum með fyrirtækjum sem tengjast Facebook, sem og öðrum aðilum (þ.e. þriðja aðila), við nánar tilgreindar aðstæður. Þeir sem nota slíka samfélagsmiðla hafa því ekki fulla stjórn á því efni sem þar er sett inn. Jafnframt er vefsíða Facebook vistuð erlendis og eru gagnaver staðsett víðsvegar um heiminn meðal annars í Bandaríkjunum. Heimilt er að flytja persónuupplýsingar til aðila í Bandaríkjunum sem falla undir reglur um friðhelgisskjöld (e. privacy shield) samkvæmt ákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1250. Facebook fellur þar undir. Ómögulegt er þó að vita í raun í hvaða öðrum gagnaverum og þar með öðrum löndum myndefni og upplýsingar vistast.

Jafnframt skal áréttað að Facebook hópasiða Leikholtss er leynileg og getur því enginn fundið hana nema þeir sem eru í hópnum. Ég, skólastjóri Leikholtss, er eini stjórnandi hópsins (admin), það þýðir að hvorki starfsmaður né foreldri getur sett inn á síðuna nema að ég gefi samþykki.

Ég sé líka reglulega um að eyða foreldrum, skólanefndarmönnum og starfsmönnum út af síðunni sem hafa ekki lengur tilgang að vera þar (börn hætt í leikskólanum, fulltrúi hættur í nefnd eða starfsmaður lætur af störfum). Ég yfirfer líka allar ljósmyndir, myndbönd og aðrar upplýsingar um börnin áður en ég gef leyfi fyrir birtingu.

Þá skal áréttað að leikskólinn mun ekki birta eða miðla ljósmyndum og/eða myndböndum af barninu nema að samþykki foreldra eða forsjáraðila liggi fyrir. Jafnframt mun leikskólinn gæta að því að ekki séu teknar ljósmyndir og/eða myndbönd af barninu í viðkvæmum aðstæðum.

Leikskólinn Leikholt, sem ábyrgðaraðili vinnslunnar, mun fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð ljósmynda, myndbanda og annarra upplýsinga sem fram geta komið á Facebook síðu hópsins. Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. persónuverndarlaga.

Samþykki vegna ljósmynda og myndbandsupptaka

Nafn barns	Kennitala barns
------------	-----------------

Ég undirrituð/undirritaður samþykki hér með að heimilt sé að taka ljósmyndir og myndbandsupptök af barni/börnum mínum í leikskólanum Leikholt. Ljósmyndirnar og myndbandsupptökurnar verða vistaðar í tölvukerfi leikskólans Leikholt. Ljósmyndir og myndbandsupptök úr starfi skólans verða með mínu samþykki birtar á (*haka þarf við hverja birtingaraðferð ef veita skal samþykki fyrir henni*):

- á vefsíðu hreppsins <https://www.skeidgnup.is>;
- á veggjum leikskólans og upplýsingatöflu
- í fréttabréfi hreppsins;
- í héraðsblöðum;
- á myndasýningu í fræðsluskyni fyrir starfsfólk annarra leikskóla;
- í fjölmiðlum, ef fjölmiðlar koma á staðinn.

Ég hef verið upplýst/ur um að umræddar ljósmyndir og myndbandsupptök geti birst víða, svo sem á vefsíðu hreppsins, auk framangreindra miðla og staða. Leikskólinn Leikholt mun ekki birta né miðla myndefni af barni/börnum án þess að samþykki foreldris/forráðamanna liggi fyrir. Þá mun leikskólinn Leikholt ekki taka ljósmyndir eða myndbandsupptök af barni/börnum í viðkvæmum aðstæðum.

Leikskólinn Leikholt sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar mun fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð ljósmyndanna og myndbandsupptakanna. Athygli er vakin á því að heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað, til að mynda til þriðja ríkis eða annarrar stofnunar/fyrirtækis, án míns leyfis og eru þau varðveitt sem trúnaðarmál.